

# Skilmálar ótímabundinna peningamarkaðslána



## 1. Almenn

Þessir skilmálar gilda um ótímabundin peningamarkaðslán viðskiptamanns hjá Fossum fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík (hér eftir „Fossar“). Skilmálarnir geyma ákvæði um réttindi og skyldur Fossa annars vegar og viðskiptamanns hins vegar vegna ótímabundins peningamarkaðsláns viðskiptamanns hjá Fossum.

Almennir viðskiptaskilmálar um fjárfestingarþjónustu sem Fossar veita viðskiptamönnum kunna einnig að gilda um viðskipti á milli Fossa og viðskiptamanna og koma þeir þá til fyllingar skilmálum þessum eftir því sem við á. Skilmálar þessir ganga framur hinum framangreindu almennu viðskiptaskilmálum Fossa, reynist ósamræmi þar á milli, enda falli viðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa. Almennu skilmálarnir eru aðgengilegir á vefsíðu Fossa.

## 2. Ótímabundin peningamarkaðslán

Ótímabundið peningamarkaðslán felur í sér lántöku Fossa hjá viðskiptamanni með innlögnum viðskiptamanns á fjármunum inn á óverðtrygðan reikning í eigu Fossa með breytilegum vöxtum og þrjátíu daga binditíma frá og með þeim degi sem úttektarbeiðni er gerð. Úttekt fer þannig fram á 31. degi eftir dagsetningu úttektarbeiðninnar. Innlögnin myndar ekki innstæðu á greiðslureikningi í eigu viðskiptamanns hjá Fossum.

Ótímabundið peningamarkaðslán byggir á beiðni viðskiptamanns þar um, sem kann að hafa verið sett fram munnlega, þar með talið í síma, skriflega eða með rafrænum hætti við starfsmenn Fossa. Dagurinn þegar samningur um ótímabundið peningamarkaðslán viðskiptamanns kemst á milli Fossa og viðskiptamanns telst samningsdagur lánsins. Ótímabundið peningamarkaðslán samkvæmt samningnum telst stofnað á þeim degi þegar þeir fjármunir sem viðskiptamaður leggur inn til Fossa hafa borist inn á tilgreindan reikning.

Með því að stofna til peningamarkaðsláns hjá Fossum telst viðskiptamaður staðfesta að hann hafi kynnt sér eðli ótímabundins peningamarkaðsláns og notið ráðgjafar sérfræðinga utan Fossa að því marki sem viðskiptamaður hefur talið nauðsynlegt. Viðskiptamanni er enn fremur ljóst að ótímabundið peningamarkaðslán nýtur ekki tryggingarverndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samanber ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Fossar munu senda viðskiptamanni staðfestingu ótímabundins peningamarkaðsláns. Í staðfestingunni skulu koma fram upplýsingar um fjárhæð lánsins, vaxtakjör, álag, samningsdag, gildistökudag og aðra þá skilmála sem Fossar og viðskiptamaður kunna að hafa komið sér

saman um. Geri viðskiptamaður ekki athugasemdir við efni staðfestingarinnar með sannanlegum hætti innan eins dags frá dagsetningu hennar skal litið svo á að staðfestingin, ásamt skilmálum þessum, hafi að geyma rétt og umsamin efnisatriði skuldbindandi samkomulags Fossa og viðskiptamanns um peningamarkaðslánið, nema um augljósar villur sé að ræða. Fossar áskilja sér rétt til þess að leiðréttu augljósar villur án samþykkis viðskiptamanns. Staðfesting Fossa á ótímabundnu peningamarkaðsláni samkvæmt ofangreindu telst ekki vera fjármálagerningur í skilningi 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

### **3. Vextir, vaxtabreytingar og greiðsla vaxta**

Af höfuðstól ótímabundins peningamarkaðsláns ber að greiða eins mánaðar REIBOR vexti, að viðbættu vaxtaálagi sem aðilar semja um við innlögn og kemur fram í staðfestingu.<sup>1</sup> Vextirnir reiknast þannig að á ársgrundvelli er margfaldað með fjölda daga og deilt í með 360 (ACT/360, frídagaregla næsti bankadagur á eftir). Vextirnir ákvarðast fyrirfram 1 mánuð í senn, tveimur virkum dögum fyrir upphaf næsta vaxtatímabils. Hvert vaxtatímabil er einn mánuður. Vextir eru greiddir síðasta dag hvers vaxtatímabils.

Komi til þess að hætt verði notkun REIBOR vaxta skal taka upp sambærilegt ígildi þeirra fyrir sömu tímalengd. Skilmálar þessir og kjör eru háð ákvörðun Fossa hverju sinni.

Vextir eru greiddir út við útgreiðslu. Fjármagnstekjuskattur dregst frá vaxtagreiðslum.

### **4. Binditími og útgreiðsla**

Ótímabundna peningamarkaðslánið er bundið þar til að lágmarki þrjátíu dagar eru liðnir frá því að viðskiptamaður eða Fossar leggja fram beiðni um endurgreiðslu þess. Beiðni um endurgreiðslu skal send á netfangið fjarstýring@fossar.is. Endurgreiðsla fer þannig fram á 31. degi eftir dagsetningu endurgreiðslubeiðninnar. Að loknum binditíma skal endurgreiðslufjárhæð millifærð á ráðstöfunarreikning sem viðskiptamaður tilgreinir. Beri útgreiðsludag upp á dag sem ekki er bankadagur skal útgreiðslan fara fram á næsta bankadegi þar á eftir. Bankadagur í skilmálum þessum er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.

### **5. Réttur til að halda eftir greiðslu og skuldajöfnun**

Fossum er heimilt, en ekki skylt, að halda eftir greiðslu peningamarkaðsláns ef viðskiptamaður hefur vanefnt aðrar skuldbindingar sínar gagnvart Fossum.

Ef einhver skuldbinding viðskiptamanns gagnvart Fossum er gjaldfelld er Fossum heimilt, að því marki sem lög leyfa, að beita skuldajöfnuði þannig að ótímabundnu peningamarkaðsláni ásamt

---

<sup>1</sup> Með 1M REIBOR er átt við millibankavexti í krónum á Íslandi eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands hverju sinni. Þeir skulu ákveðnir í upphafi hvers vaxtatímabils eins og þeir voru tveimur viðskiptadögum fyrir byrjun hvers vaxtatímabils.

áföllnum vöxtum verði ráðstafað til greiðslu á skuldbindingu viðskiptamanns gagnvart Fossum og aðeins mismunur komi til greiðslu til viðskiptamanns á útgreiðsludegi, ef einhver er.

Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt geta Fossar umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajafnaðar kemur.

## **6. Uppsögn**

Fossum er heimilt að segja upp samningi um ótímabundið peningamarkaðslán viðskiptamanns án fyrirvara verði viðskiptamaður uppvís að brotum gegn skilmálum þessum eða öðrum skilmálum Fossa. Við uppsögn samkvæmt þessu ákvæði eru Fossar ekki bundnir af binditíma ótímabundins peningaláns samkvæmt grein 4.

Ef viðskiptamaður skuldar Fossum gjöld eða aðrar þóknanir vegna veittrar þjónustu er Fossum heimilt að skuldfæra gjöldin af reikningi viðskiptamanns fyrir lokun hans.

## **7. Framsal og veðsetning**

Viðskiptamanni er óheimilt að framselja ótímabundið peningamarkaðslán eða veðsetja það án skriflegs samþykkis Fossa. Framselji viðskiptamaður ótímabundið peningamarkaðslán, að fengnu samþykki Fossa, skal hann afhenda Fossum fullnægjandi gögn um framsalið og nýjan framsalshafa.

## **8. Önnur ákvæði**

Komi upp ágreiningsmál vegna ótímabundinna peningamarkaðslána hjá Fossum skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður þeim ekki breytt af hálfu viðskiptamanns. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptamaður gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Fossum.

Skilmálar þessir gilda um ótímabundin peningamarkaðslán hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. frá 20. september 2022. Fossar áskilja sér rétt til að einhliða fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt á heimasíðu bankans og skulu uppfærðir skilmálar birtir þar. Breytingar taka gildi á þeim degi sem tilgreint er í tilkynningunni.